

## A 1780/tillväxt

**Flytjandi** Flokkahópur miðjumanna  
**Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga  
um reiki á Norðurlöndum að Færeyjum og Grænlandi meðtöldum****Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að koma á fót norrænu reikisamstarfi svo að allir íbúar Norðurlanda geti notið gjaldfrjálsar reikiþjónustu þvert á Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin.

**Forsaga**

Frá 15. júní 2017 hefur verið ódýrt fyrir íbúa Noregs, Svíþjóðar, Finnlands, Íslands og Danmerkur að nota farsíma og gagnamagn á ferðalögum um Norðurlönd. Það er vegna reglna ESB sem kveða á um niðurfellingu hárra reikigjalda innan ESB. Neytendur geta því nýtt sér keypt gagnamagn í öllum 28 ESB- og EES-ríkjunum, án aukakostnaðar.

Grænland og Færeyjar eru ekki aðilar að þessu samkomulagi. Það er því enn dýrt fyrir íbúa Grænlands og Færeyja að nota reikiþjónustu í norrænu ríkjunum. Sama á við um íbúa Norðurlanda sem ferðast til Grænlands eða Færeyja. Há reikigjöld takmarka hreyfanleika Norðurlandabúa og torvelda þeim ferðalög þvert á landamæri hvers annars. Það stríðir gegn framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna um að gera Norðurlönd að samþættasta svæði heims.

Flokkahópur miðjumanna álitur mikilvægt að allir Norðurlandabúar njóti ferða- og samskiptafrelsis án þess að hafa áhyggjur af háum símreikningum. Flokkahópur miðjumanna vill því koma á fót norrænu reikisamstarfi sem nær til Norðurlanda og sjálfstjórnarsvæðanna. Allir íbúar skulu geta notað síma og gagnamagn í norrænu ríkjunum án þess að þurfa að greiða fyrir það há reikigjöld.



Nuuk, 12. september 2018

*Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)*

*Anna-Maja Henriksson (sv)*

*Antti Kurvinen (cent)*

*Arto Pirttilahti (cent)*

*Axel Jonsson (ÅF)*

*Bertel Haarder (V)*

*Eva Biaudet (sv)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*

*Hanna Halmeenpää (grænum)*

*Heidi Greni (Sp)*

*Jenis av Rana (Mfl.)*

*Johanna Karimäki (grænum)*

*Katri Kulmuni (cent)*

*Ketil Kjenseth (V)*

*Krista Mikkonen (grænum)*

*Lars Tysklind (L)*

*Matti Vanhanen (cent)*

*Mikael Staffas (Lib)*

*Peter Östman (kd)*

*Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)*

*Staffan Danielsson (C)*

*Stina Bergström (MP)*

*Tore Storehaug (KrF)*

*Wilfred Nordlund (Sp)*